



Fréttatilkynning

14 December 2021 08:00:00 GMT

Arion Banki: Útboð á grænum skuldabréfum þann 16. desember 2021

Arion banki verður með útboð á nýjum grænum skuldabréfaflokki, ARION 26 1222 GB, fimmtudaginn 16. desember næstkomandi. Skuldabréfin verða gefin út undir grænni fjármálaumgjörð bankans og skráð í kauphöll Nasdaq Iceland.

Skuldabréfin eru til 5 ára og bera fasta óverðtryggða vexti og einni endurgreiðslu höfuðstóls á lokagjalddaga árið 2026.

Uppgjörsdagur viðskipta er 22. desember 2021.

Verðbréfamiðlun Arion banka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefa midlun@arionbanki.is fyrir kl 16:00 þann 16. desember 2021.

Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans:

<https://www2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/graen-skuldabref/>

Í samræmi við ákvæði 2. tl. 1. mgr. 85. gr. í lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana (með breytingum), flokkast skuldabréf þessi sem almennar ótryggðar kröfur. Bréfin uppfylla ákvæði í grein 72b(2) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 575 /2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, að undanskildu ákvæði greinar 72b(2)(d) um undirskipan. Þessi skuldabréf flokkast því sem ótryggð skuldabréf (e. senior preferred).

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760

Viðhengi

[Arion Banki: Útboð á grænum skuldabréfum þann 16. desember 2021](#)